Blönduóssbær
Hnjúkabyggð 33

# FASTEIGNAGJÖLD ÁRIÐ 2018

**Álagning fasteignaskatts:**
**A-hluti** fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,48% af hús- og lóðarmati
**A-hluti** fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,48% af hús- og lóðamati
**B-hluti** fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati
**C-hluti** fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,6% af hús- og lóðamati

**Vatnsgjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,30% af hús- og lóðarmati
**Holræsagjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati
**Lóðarleiga** fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 6.600 kr. á hektara, að lágmarki 8.800 kr.
**Sorpgjöld:** Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 21.500,-
Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 21.500,-
Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 21.500,-

**Reglur um afslátt fasteignaskatts 2018.**

**1. gr.**
Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósbæ 1. desember 2017.

**2. gr.**
Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

**3. gr.**
Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 54.325,-

**4. gr.**
Tekjumörk á árinu 2017 eru:

*Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að........... kr. 2.767.500 fá 100% afslátt.*
*Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að........... kr. 3.382.500 fá 0% afslátt.*

*Hjón með skattskyldar tekjur allt að....................... kr. 3.997.500 fá 100% afslátt.*
*Hjón með skattskyldar tekjur allt að....................... kr. 5.022.500 fá 0% afslátt.*

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

**5. gr.**
Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Við andlát maka styrkir sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur útreiknaðum afslátti ársins.

**6. gr.**
Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

**7. gr.**
Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

**8. gr.**
Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduósbæjar eigi síðar en 1. júní 2018.

**Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 20.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september & 1. október. Gjalddagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 20.000,- er 15. maí. Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. febrúar 2018. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.**

**Álagningarseðlar eru rafrænir og eru aðgengilegir á www.island.is . Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og er hann sendur þeim sem þess óska. Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Blönduósbæjar eða í síma 455 4700.**

*Eftirfarandi gjaldskrá var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar 5. desember 2017.*

*Sveitarstjórinn á Blönduósi, 5. janúar 2018*
**Arnar Þór Sævarsson**

SVEITARSTJÓRINN BLÖNDUÓSI